

Stjórnarfundur 28. maí – mætt eru: Ingibjörg, Elísa, Sigurlaug, Rósa og Katrín.

1. Heimili og skóli: hvað þau geta boðið og hvað við sjáum fyrir okkur – bekkjarfulltrúanámskeið, foreldrasáttmáli og hafa þau á aðalfundi. Ef ekki eru bekkjarfulltrúar þá er hægt að sníða námskeiðið um samvinnu milli foreldra, sáttmálann og samvinnu við skólann.
Væri hægt að útbúa einhvers konar könnun um hvað foreldrar sjá fyrir sér og hvernig þeir vilja hafa samstarfið... hvað á heima inni í foreldrafélaginu og samvinnu við skólann.
2. Fundur með stjórnendum á morgun: hvað viljum við leggja fram fyrir næsta vetur – fá samvinnu við skólann um námskeið og aðalfund, jafnvel hafa súpu og frístund opna.
Gætum við komið upp einhverri umræðu um hvað foreldrar sjá fyrir sér í þessum samskiptum, bæði við hvert annað og skólann.
3. Facebook síðurnar: staðan á því. Ingibjörg hefur óskað eftir nýjum stjórnendum í öllum árgöngum og það hefur tekist í flestum þeirra en Ingibjörg mun setja inn ítrekun á morgun.
4. Önnur mál:
 4. Bekkur – í haust var talað um að fara í vorferð í staðinn fyrir Kiðagil. Það var ekki hægt vegna kostnaðar.